



### Fundargerð

Þriðjudaginn 2. maí 2024 var haldinn fundur í stjórn Félags- og skólaþjónustu A-Hún kl. 16.30 á skrifstofu Sveitarfélagsins Skagastrandar að Túnbraut 1-3.

Á fundinn mættu stjórnarmennirnir: Ásdís Ýr Arnardóttir, Péturína Laufey Jakobsdóttir og Erla Jónsdóttir. Grímur Rúnar Lárusson tengdist fundinum með fjarfundarbúnaði.

Auk þess sat fundinn Ólafur Þór Ólafsson, framkvæmdastjóri byggðasamlagsins. Sigrún Hauksdóttir bókarí og launafulltrúi byggðasamlagsins og Eydís Inga Sigurjónsdóttir hjúkrunarforstjóri Sæborg og sátu fundinn undir 1. dagskrárlið. Sara Lind Kristjánsdóttir félagsmálastjóri tengdist fundinum með fjarfundarbúnaði undir 1. dagskrárlið og Þórdís Hauksdóttir fræðslustjóri tengdist fundinum með fjarfundarbúnaði undir 1. og 2. dagskrárlið.

Formaður stjórnar, Ásdís Ýr Arnardóttir setti fundinn og stjórnaði honum. Framkvæmdastjóri ritaði fundargerð.

Í upphafi fundar lagði formaður fram tillögu um dagskrárbreytingu, að við bættist dagskrárliður um dreifnám og var það samþykkt samhljóða með 4 atkvæðum. Þá lagði formaður einnig fram tillögu um að við bættist dagskrárliðurinn starfsemi Afslins og var það samþykkt samhljóða með 4 atkvæðum.

#### **Dagskrá:**

#### **1. Ársreikningur 2023 til afgreiðslu**

Fyrir fundinum lá ársreikningur samstæðu Félags- og skólaþjónustu Austur-Húnvetninga sem unninn var af Davíð Búa Halldórssyni endurskoðanda hjá Enor. Í ársreikningi kemur fram að rekstrartekjur samstæðu byggðasamlagsins námu kr. 375,7 millj. en voru kr. 322,6 millj. árið 2022 og hafa hækkað um 16,5% á milli ára. Rekstrarniðurstaða var neikvæð á árinu um kr. 6,5 millj. í samanburði við kr. 17,4 millj. neikvæða niðurstöðu árið 2022. Heildareignir námu í árslok kr. 289 millj. og eigið fé var um kr. 28,7 millj. Eigið fé samstæðunnar lækkaði um rekstrarhalla ársins og uppfærslu lífeyrisskuldbindinga.



Ársreikningur var borinn upp til samþykktar og samþykktur samhljóða með fjórum greiddum atkvæðum.

### 2. Dreifnám

Á vegum sveitarfélaganna í sýslunni er búið a skipa starfshóp um dreifnámið og stöðu þess á Hvammstanga og Blönduósi. Þórdís Hauksdóttir fræðslustjóri F.S. A-Hún. og Sigurður sviðsstjóri Fjölskyldusviðs Húnaþings vestra eru í forsvari og á hópurnum að skila niðurstöðu til sveitarfélaga í sumar. Í starfshópnum eru:

Elín Lilja Gunnarsdóttir Húnaþing vestra

Auðunn Steinn Sigurðsson Húnabyggð

Halldór G. Ólafsson Skagaströnd

Heiðmar Kristjánsson Skagabyggð og

Ingileif Oddsdóttir FNV.

Þórdís Hauksdóttir upplýsti stjórnina um vinnu starfshóps um dreifnámið.

Samkvæmt upplýsingum framkvæmdastjóra byggðasamlagsins hefur dreifnámið verið í húsnæðisvandræðum og þurft að flytja úr leiguhúsnæðinu að Húnabraut 4 Blönduósi. Til bráðabirgða var aðstaða nemenda flutt að Húnabraut 13 en er núna til loka þessa skólaárs að Þverbraut 1. Leitað hefur verið til sveitarfélagsins Húnabyggðar með húsnæðislausn og er það til skoðunar.

### 3. Starfsmannamál

Á fundi stjórnar byggðasamlagsins frá 27. september 2023 var samþykkt að ráða tímabundið til 6 mánaða verkefnastjóra Farsældar barna. Ráðið var í stöðuna í nóvember og rann sú starfsheimild út 30. apríl s.l. Fyrir fundinum lá minnisblað frá verkefnastjóra. Eftir umræður samþykkir stjórn samhljóða eftirfarandi:

Stjórn Félags- og skólaþjónustu telur ekki rétt að framlengja tímabundinn samning verkefnastjóra.



### 4. Til kynningar:

#### a. Fundargerðir fagráðs um málefni fatlaðs fólks

Lagðar fram til kynningar fundargerðir fagráðs um málefni fatlaðs fólks frá 15. fundi til þess 21. á tímabilinu 29. janúar til 29. apríl 2024.

#### b. Fundargerðir fagráðs um Barnaverndarþjónustu Mið Norðurlands

Lagðar fram til kynningar fundargerðir fagráðs frá 45. fundi til þess 49. á tímabilinu 5. febrúar til 15. apríl 2024.

### 5. Starfsemi Aflsins, til kynningar

Á síðasta ári gerði Félags- og skólaþjónusta A-Hún. samstarfssamning við Aflið, samtök fyrir þolendur ofbeldis, um viðtalsþjónustu á Blönduósi. Samkvæmt tölfræði frá samtökunum nýttu 10 skjólstæðingar sér þjónustuna á síðasta ári og 7 það sem af er liðið þessu ári.

### 6. Önnur mál

Ekkert tekið fyrir undir þessum lið.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 18:15

Ásdís Ýr Arnardóttir

Ólafur Þór Ólafsson

Grímur Rúnar Lárusson

Erla Jónsdóttir

Péturína Laufey Jakobsdóttir

# Undirritunarsíða

Stjórnarmaður  
Erla Jónsdóttir

Stjórnarmaður  
Grímur Rúnar Lárusson

Formaður stjórnar  
Ásdís Ýr Arnardóttir

Stjórnarmaður  
Péturína Laufey Jakobsdóttir

Framkvæmdastjóri  
Ólafur Þór Ólafsson